

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

67. fundur.

að Hlíðavegi 6, 19. desember 2005, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fjárhagsáætlun 2006.
3. Sniðill.

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Kristján Stefánsson, Þuríður Snæbjörnsdóttir, Birkir Fanndal Haraldsson, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Sveitarstjóri setti fund.

2. Fjárhagsáætlun 2006. Fyrri umræða

Farið yfir fjárhagsáætlunina og urðu nokkrar umræður. Lögð fram fjárfestingaráætlun upp á 1.400.000,- sem er hlutafjárloforð í Greiðri leið ehf.

Minnisblað.

Fjárhagsáætlun 2006.

Helstu forsendur

- 1) Útsvar verði 13,03%
- 2) Reikna má með um 5% hækkun rekstrargjalda sem einkum skýrast af hækkun launa og verðlagshækkunum.

- 3) *Fjárhagsáætlun Héraðsnefndar liggur fyrir. Ekki er gert ráð fyrir verulegri hækkun gjalda. Fjárhagsáætlun Sorpsamlags liggur hins vegar ekki enn fyrir.*
- 4) *Gera verður ráð fyrir einhverjum samdrætti í rekstri sveitarfélagsins.*
- 5) *Tekjur sveitarfélagsins lækkuðu minna en ráð var fyrir gert 2005, sem skýrist af nokkrum þáttum.*
- 6) *Í ljósi þess að reksturinn stendur í járnum þarf að gæta aukins aðhalds, auka tekjur og draga úr útgjöldum. Lítið má útaf bregða og því er ekki gert ráð fyrir framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins 2006. Gjaldstofnar hafa ekki allir verið fullnýttir þ.e. í fasteignagjöldum en gert er ráð fyrir að svo verði nú. Nánar verður farið yfir þau atriði á mánudag. Þá verður að fylgjast gjörla með að gjaldskrár fylgi auknum kostnaði vegna viðfangsefna.*

Vísað til seinni umræðu.

3. Sniðill.

Kristján Stefánsson fór á hluthafafund Sniðils sem var 15. des. sl. en Skútustaðahreppur átti rúm 14% hlutafjár. Fór hann yfir það sem gerðist á fundinum þ.e. hlutafé fyrirtækisins var lækkað úr kr. 28.000.000,- í kr. 280.000,-, og síðan aukið aftur í kr. 4.000.000,-. Mætt var fyrir rúm 74% hluthafa. Engin af fyrri hluthöfum sem mætt var fyrir neytti forkaupsréttar. Sniðill var því seldur Malarvinnslunni á Egilsstöðum.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Guðrún María Valgeirsdóttir,
Þuríður Snæbjörnsdóttir,
Kristján Stefánsson,
Birkir Fanndal Haraldsson,
Böðvar Pétusson.